

VARÚÐ: SKIPTA ÞARF UM HANDFANG Á TILTEKNUM IGLOO 85 LÍTRA DRÁTTARKÆLIBOXUM Á HJÓLUM Í SAMRÆMI VIÐ ÞESSAR LEIÐBEININGAR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR MÖGULEGA HÆTTU Á AÐ NOTENDUR MISSI FRAMAN AF FINGRUM EÐA FINGUR KREMJIST. EKKI NOTA KÆLIBOXIÐ FYRR EN SKIPT HEFUR VERIÐ UM HANDFANG. HREYFANLEGIR HLUTAR GETA KRAMIÐ FINGURGÓMA EÐA JAFNVEL VALDIÐ ÞVÍ AÐ NOTENDUR MISSI FRAMAN AF FINGRUM.

Igloo Products Corp. („Igloo“) framkvæmir öryggisáætlun á tilteknum tegundum af Igloo 85 L (90 QT) Flip & Tow kæliboxum á hjólum („85 L kælibox“) með eldri hönnun á dráttarhandfangi („Gamla handfangið“). Gamla handfangið fylgir nokkrum gerðum af 85 L kæliboxum sem seld voru frá 2019 til 2025. Tveir mögulegir klemmupunktar á sitt hvorum staðnum þar sem gamla handfangið tengist kæliboxinu skapa hættu á að notendur missi framan af fingrum eða fingur kremjist ef þeir klemmast á þessum stöðum þegar kæliboxið eða handfangið er hreyft.

Endurhannað dráttarhandfang („Nýja handfangið“) var tekið í notkun hjá Igloo árið 2024. Nýja handfangið tekur á báðum þessum mögulegu klemmupunktum. Á nýja handfanginu er aukið rými við lamirnar ásamt endurbættum plaströndum. Nýja handfangið og gamla handfangið eru sýnd hér að neðan, þar sem mögulegir klemmupunktar sjást á gamla handfanginu:

Gamla handfangið



Nýja handfangið



EF ÞÚ ÁTT 85 L KÆLIBOX MEÐ GÖMLU DRÁTTARHANDFANGI VERÐUR ÞÚ AÐ SKIPTA ÚT GAMLA HANDFANGINU FYRIR NÝJA HANDFANGIÐ SAMKVÆMT LEIÐBEININGUM Á NÆSTU SÍÐU.



SETTIÐ INNIHELDUR:

- Nýtt handfang
- Nýir snúningspinnar (x2)
- Stjaki
- Öryggislímband



VARÚÐ - FORÐIST KLEMMUPUNKTA SEM MERKTIR ERU MEÐ **X** VEGNA HÆTTU A AÐ MISSA FRAMAN AF FINGRUM EÐA FINGUR KREMJIST. NOTIÐ STJAKA TIL AÐ FJARLÆGJA SNÚNINGSPINNA SAMKVÆMT LEIÐBEININGUM.



Skannið QR kóða til að sjá myndband með leiðbeiningum



1. SKREF: Límið gamla handfangið niður með öryggislímbandi.




2. SKREF: Látið kæliboxið standa upp á enda þannig að gamla handfangið snúi upp.



3. SKREF: Setjið stjakan inn í raufina hægra megin og látið styttri endann snúa að miðju kæliboxins eins og sýnt er.



4. SKREF: Snúið stjakanum í átt að miðju kæliboxins til að fjarlægja snúningspinnann sem fyrir er.



5. SKREF: Endurtakið skref 3-4 fyrir vinstri raufina.

6. SKREF: Fjarlægið gamla handfangið.



7. SKREF: Hyljið gamla handfangið algjörlega með öryggislímbandi og skrifið „innkallað“ á límbandið með svörtum tússpenna eða penna. Fargið handfanginu.

8. SKREF: Komið nýja handfanginu fyrir þannig að hliðin með límmiðanum snúi út.



9. SKREF: Setjið nýju snúningspinnana inn á báðum hliðum nýja handfangsins og færið til eftir þörfum þangað til þeir passa í götin á kæliboxinu.



10. SKREF: Ýtið nýjum snúningspinnum inn þar til þeir smella á sinn stað.

TILBÚIÐ: Snúið kæliboxinu þannig að það snúi upprétt. Vinsamlegast fargið gamla handfanginu.

